

**Nd.**

**437. Nefndarállit**

um frv. til laga um útgáfu 5. flokks (serie) bankavaxtabrjefa í veðdeild Landsbankans.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta og frv. um sjerstaka búnaðarlánadeild við Landsbankann lágu samtímis fyrir nefndinni. Stefna bæði þessi frv. í líka átt að því leyti, að þeim er ætlað að bæta nokkuð úr starfsfjárskorti landbúnaðarins. Vafi nokkur þótti leika á um bæði frv., að hverju gagni þau kæmu í framkvæmd, þótt samþykkt yrðu.

Landbúnaðarnefnd afrjeð — eins og kunnugt er orðið — að mæla fremur með frv. um búnaðarlánadeildina, vegna þess, að hún taldi meiri líkur til, að það kæmi fremur að því gagni í bráð, sem ætlast var til og þörf er á.

Á meðan enn er óselt mikið af vaxtabrjefum 4. flokks og litlar líkur til, að þau seljist fljótlega, þá virðist ekki liggja á að setja lög um útgáfu nýs flokks bankavaxtabrjefa. Auk þess gæti útgáfa nýs flokks bankavaxtabrjefa ef til vill orðið til að seinka því, að ríkisveðbankinn tæki til starfa, en það telur nefndin óheppilegt, ef svo færi.

Hinsvegar telur nefndin frv. þetta fara í rjetta átt og vera líklega leið, þegar uppseld eru bankavaxtabrjef þau, sem þegar eru fyrir, ef þá reyndist enn ókleift að láta ríkisveðbankann taka til starfa. Fyrir því telur nefndin rjett, að

sú spurning sje látin opin, hvort horfið skuli að því ráði siðar, sem frv. bendir til, og leggur því til við háttv. deild, að málinu skuli vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 23. apríl 1924.

H. J. Kristófersson, form.	Halldór Stefánsson, frsm.	Árni Jónsson, fundaskrifari.
-------------------------------	------------------------------	---------------------------------

Björn Lindal. Pjetur Þórðarson.